

**4. aðalfundur Félags grunnskólakennara
13. – 14. mars 2008**

Tillaga um skólastefnu

**Skólastefna fyrir grunnskólann
2008 - 2011**

Nemendur

Meginmarkmið skólastarfs er að nemendur séu ánægðir og með jákvæða sjálfsmynd. Þeir búi yfir færni og löngun til að læra, til að viðhalda þekkingu og leikni og séu undirbúnir fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun.

- Skólastarf sé sveigjanlegt og skapandi og bjóði hverjum nemanda upp á nám og kennslu við hæfi.
- Nemendur takist á við fjölbreytt viðfangsefni, fái tækifæri til sköpunar og þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Nemendur þjálfist í félagsfærni.
- Nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum, viðeigandi námsgögnum.
- Námsmat sé leiðbeinandi, markvisst, fjölbreytt og mæli alhliða þroska, framfarir og getu nemenda.
- Allir nemendur njóti þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Grunnskólakennarar

Kennsla sé í höndum grunnskólakennara með tilskilda menntun.

- Grunnenntun kennara taki breytingum í samræmi við þróun og kröfur samfélagsins á hverjum tíma.
- Félag grunnskólakennara taki þátt í stefnumótun grunn-, framhalds- og símenntunar.
- Tryggja skal aðgengi og gæði grunn-, framhaldsnáms og símenntunar grunnskólakennara.
- Símenntun grunnskólakennara taki mið af þörfum kennara og skóla.
- Grunnskólakennurum sé gert kleift að stunda framhaldsnám og/eða símenntun samhliða starfi.

Kennarar skulu vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun.

- Kennarar skulu í hvívetna hafa *Siðareglur kennara* að leiðarljósi.

Leiðsögn og stuðningur í starfi

- Ráðgjöf og handleiðsla fyrir grunnskólakennara verði eflað.
- Tryggja skal nýliðum í kennslu leiðsögn reyndra aðila fyrstu tvö árin í starfi.
- Nýliðar í kennslu skulu fá markvissa fræðslu um réttindi og skyldur í starfi.
- Hver skóli þrói og framfylgi virkri og hvetjandi mannauðsstefnu.

Skipan skólastarfs

Fjölbreyttni ríki í skólagerðum, námsleiðum, kennsluaðferðum, námsaðferðum og námsgögnum.

- Skólar hafi sveigjanleika til að móta eigin stefnu innan ramma laga, aðalnámskrár og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Kennarar vinni með skólastjórnendum að stefnumótun og þróun skólastarfs.
- Hver skóli velji námsleiðir, kennsluaðferðir, námsaðferðir, námsmat og námsgögn í samræmi við þarfir nemenda, skólastefnu og þróun samfélagsins.
- Vinnuaðstaða og aðbúnaður sé fullnægjandi miðað við þarfir allra sem í skólanum starfa.
- Skólar marki sér stefnu í forvörnum og öðrum velferðarmálum nemenda m.a. varðandi fordóma, einelti, ofbeldi og fíkniefni.
- Stefna skóla sé skýr og henni framfylgt.

Jafnræði ríki í aðgengi að námi og umgjörð skólastarfs.

- Öllum nemendum sé tryggt sambærilegt aðgengi að námi, aðstöðu og tengdri þjónustu.
- Viðeigandi stoðþjónusta sé til staðar miðað við þarfir einstakra nemenda.
- Stuðla skal að þverfaglegri samvinnu starfsfólks.

Tengsl skóla og grenndarsamfélags séu virk og skilgreind.

- Náttúra og grenndarsamfélag séu markvisst nýtt í kennslu.

Tengsl skólastiga

- Upplýsingastreymi milli leik- og grunnskóla annars vegar og grunn- og framhaldsskóla hins vegar verði tryggt.
- Aukið verði faglegt samstarf milli fyrrgreindra skólastiga.

Samstarf skóla og heimila

Skóli og heimili hafi virk tengsl og beri sameiginlega ábyrgð á námi og velferð nemenda. Milli aðila ríki gagnkvæm virðing og traust. Jafnræðis og trúnaðar sé gætt.

- Skýr verkaskipting ríki milli skóla og heimila.
- Skóli skipuleggi þátttöku foreldra í skólastarfi.
- Gagnkvæm upplýsingamiðlun eigi sér stað milli heimila og skóla.